



Safnahelgi á Suðurlandi 2013

Góðir gestir,

Ég vil byrja á því að þakka þann heiður sem mér er sýndur með þessu boði, að opna formlega Safnahelgi á Suðurlandi 2013.

Hugtakið ‘safn’ er íslenska fyrir latneska orðið museum, sem aftur er þýðing á gríska orðinu: mouseion, sem þýðir musteri Músanna – ekki þeirra haga- eða húsamúsa sem við þekkjum hvað best, heldur hinna grísku Músa, sem voru gyðjur innblásturs og andagiftar; þær stóðu fyrir hinar andlegu listir: ljóðlist, tónlist; fyrir heimspeki, vísindi, sagnfræði og aðrar þær huglægu greinar sem gera okkur að mönnum. Hið fyrsta musteri þessari gyðja er talið vera stofnsett í Aþenu af sjálfum Plató, sem staður lærdóms og íhugana, í fornum trjálundi sem hét Hekademia, er síðar varð mælt fram Akadēmía. Á þessari stuttu ættrakningu orðsins ‘safn’ sjáum við að upphaf þess sprettur úr sama jarðvegi og æðri menntun á háskólastigi.

Öldum síðar verða ‘museum’ eða söfn sérstakar byggingar þar sem safnað er saman þeim gripum eða listaverkum sem talin eru hafa sérstakt og markvert gildi fyrir samtímann og komandi kynslóðir. Þessi söfn verða því áfram musteri gyðjanna, þangað sem fólk leitar fróðleiks, upplýsinga og ekki síst innblásturs og andagiftar. Heimspeki Platóns byggðist ekki á því að finna svör fyrir nemandann, heldur snerist hún um að gera nemandann hæfan til þess að spyrja eigin spurninga og finna sín eigin svör. Það var í anda þeirrar hvatningar sem rituð var yfir dyrum mustersins í Delfí, ‘Þekktu sjálfan þig.’

Það eru orð sem gjarnan má letra yfir dyrum á þeim fjölmörgu söfnum hér á Suðurlandi, því á hinum mörgu og margvíslegum söfnum mætum við einmitt sjálfum okkur, bæði þeirri arfleifð sem okkur hefur verið treyst fyrir og einnig þeirri nýsköpun sem er að eiga sér stað í safnamenningu okkar og sjaldan hefur verið jafn fjörleg og vaxandi.

Sköpunargleði safnamanna og fróðleiksfýsni gesta sýna ljóslega að sá grundvöllur sem Platón gamli lagði í upphafi er enn lifandi og virkur á söfnum Suðurlands, enda er óhætt að segja að byggðasöfnin okkar séu nokkurs konar Adakemíur alþýðunnar. Því þegar best tekst upp er vel heppnað safn á við hvaða æðri menntastofnun sem er. Við þurfum ekki annað en að líta á þann mikilhæfa og athafnasama safnamann, sem með réttu má kalla heiðursdoktor í Akademíu alþýðunnar á Suðurlandi, Þórð Tómasson á Skógum. Það yrði erfitt að sannfæra framtíðina um að slíkt stórvirki sem Skógasafn er hafi verið drifið áfram og byggt upp af einum manni, en sem betur fer höfum við það allt skjalfest og nú síðast í tuttugustu bókinni sem frá honum kemur, Sýnisbók safnamanns. Þórður hefur sannarlega rutt breiða braut fyrir aðra safnamenn á langri starfsævi og er þeim sem á eftir koma verðug fyrirmynd, og um leið hefur hann, í sönnum anda Platóns, unnað Músum söngs og tónlistar, ræktað lifandi frásagnarhefð jafnt og sögulega skrásetningu og þannig náð að skapa hið óviðjafnanlega andrúmsloft hinnar sönnu Akademíu sem mætir manni á Skógasafni. Ég held að Platón gamli geti bara verið nokkuð hreykinn.

Það er ekki síst fyrir fjölgun ferðamanna sem áhugaverðir hlutir í safnamenningu hafa litið dagsins ljós undanfarið. En hin svokallaða menningartengda ferðaþjónusta snýst ekki bara um að búa til eitthvað nýtt heldur ekki síður að rækta betur það sem fyrir er.

Það er athyglisvert að sögnin ‘að muna’ og nafnorðið ‘munur’ sbr. fornmunur, eiga bæði sömu rót; munir eiga að hjálpa okkur að muna; til að gleyma ekki verðum við að geyma. Og hvers vegna er mikilvægt að muna og gleyma ekki? Vegna þess að ef við vitum hvaðan við komum og hver við vorum, þá er líklegt að við séum nær því hver við erum og hvar við stöndum, og getum þá vonandi tekið upplýsta ákvörðun um hver við ætlum að verða og hvert við viljum fara.

En gripir geyma líka sögur og margir fornir gripir eru einsog harðir diskar í tölvunum okkar; sneisafullir af fróðleik – ef við bara kynnum lykilorðið. Gripir sem gengið hafa milli kynslóða í sömu fjölskyldu geyma oft merkar frásagnir sem eru okkur enn aðgengilegar, vegna þess að hin munnlega frásögn fylgir gripnum og hefur ævinlega verið sögð og kennd þeirri kynslóð sem á að taka við honum. Við eigum altarisdúka,

silfurskeiðar og nælur sem voru gjafir frá huldukonum í þakklæti fyrir hjálp langa-
langa-langömmu fyrir að aðstoð í barnsnað.

Svo eigum við sögur af gripum sem geymdu minningar fyrstu landnámsmanna, líkt og
þá gripi sem Kolskeggur vitri, sem sagði fyrir landnám í Austfirðingafjórðungi, telur
upp þegar hann segir af landnámi Hrollaugs, frillusonar Rögnvalds Mærajarls:

Hrollaugur fór til Íslands með ráði Haralds konungs, segir í Landnámu.

Hrollaugur var höfðingi mikill og hélt vingan við Harald konung, en fór aldri utan.
Haraldur konungur sendi Hrollaugi sverð og ölhorn og gullhring, þann er vó fimm
aura; sverð það átti síðar Kolur, son Síðu-Halls, en Kolskeggur hinn fróði hafði séð
hornið.

Hér eru nefndir merkir gripir, og við þessa gripi er tengd frásögn sem Hrollaugur
hefur vafalaust sagt syni sínum, Síðu-Halli þegar hann var drengur, og starði
opinmynntur á sverðið sem Noregskonungur gaf föður hans. Kannski að Síðu Hallur
hafi stolist til að leika sér með sverðið, en faðir hans komið að honum og sagt að þetta
væri nú ekki barnameðfæri – og sagt honum söguna. Síðar eignast Kolur Hallsson
sverðið, en frá honum segir líttillega í Þorsteins sögu Síðu-Hallssonar. Og löngu síðar
sér Kolskeggur vitri ölhornið góða og fær að heyra söguna, sem er svo skrásett þegar
hann segir fyrir landnám í Austfirðingafjórðungi. Gripir geyma sögur, munir hjálpa
okkur að muna.

Það eru söfn sem eðlis síns vegna eru geymslur; en það er gaman að róta í geymslunni
og finna eitthvað sem maður var búinn að gleyma að maður ætti. Í öðrum söfnum er
eitthvað nýtt að sjá í hverri heimsókn. Svo eru til söfn sem hafa ekki þá skilgreiningu í
nafni sínu, en heita Þórbergssetur, Konubókastofa eða bara handverkshús. En í öllum
þeim stofnunum, smáum og stórum, er einhverju því safnað saman á einn stað,
munum, verkum, hæfileikum eða upplifunum, sem hafa gildi, sem hafa eitthvað að
segja okkur um okkur sjálf.

Kirkjur eru alla jafnan ekki taldar til safna, en þó geyma okkar litlu og fögru
sveitakirkjur minningar kynslóðanna og andblæ liðins tíma, fagra gripa og myndverk
sem veittu hugum forfedra okkar hvíld um stund frá amstri daganna. Kirkjustaðir, og
þá sérstaklega þeir sem standa á gömlum merg, einsog Skálholtskirkja, búa yfir

sérstakri helgi og eru kyrrðar- og friðarreitir. Hinn sérstaka helgi er tilkominn vegna bæna og tilbeiðslu þúsunda karla, kvenna og barna í fortíðinni, þess vegna eru þeir staðir heilög vé, musteri hins andlega, en það er hið andlega sem gerir okkur að mönnum. Þess vegna eru kirkjurnar okkar líka söfn, þar er safn minninga, þar sem fólk sem eitt sinn gekk hér um grundir gaf okkur andlega muni af sálu sinni, sem við megum njóta og nýta okkur ef við nálgumst þá af virðingu og í þakklæti.

Mín vegna mætti safnahelgi vera aðra hverja helgi ársins, en ekki bara eina. Og vonandi verður þróunin sú að safnahelgin teygist upp í safnaviku, sem aftur verði safnamánuður. Mér sýnist framboðið hér á Suðurlandi bjóði alveg upp á lengri tíma, og þá gefst líka fleira fólki tækifæri til að kynna sér það sem í boði er.

En af því að ég nefndi Akademíu hér áðan, þá ég spyr mig stundum hvort ekki mætti nýta hina svonefndu þemadaga í grunnskólum á Suðurlandi t.d. með þeim hætti að vikan í aðdraganda safnahelgi yrði safnavika í grunnskólum á Suðurlandi, þar sem nemendur hafi heila viku til að fara á milli safna Suðurlands og skila af sér skýrslu, greinargerð eða ritgerð í máli eða myndum um þau söfn sem þau heimsóttu, kannski heimildamynd. Best væri auðvitað ef þau fengju ekki sjálf að velja öll söfnin, heldur þyrftu að draga um einhver þeirra. Þannig myndu þau þurfa að kynna sér eitthvað sem þeim hefði e.t.v. ekki komið til hugar að rannsaka. Ef hver árgangur fengi a.m.k. eina svona viku að hausti hefur mikilvægu fræi verið sáð fyrir framtíðina, sumsé að söfn séu áhugaverðir og merkilegir staðir þar sem manni gefst tækifæri til að kynnast sjálfum sér, fortíð þjóðarinnar eða samtíð.

Ég hef nefnilega rekið mig á það, sem foreldri, að börn eru ansi fljót að vaxa úr grasi. Það þarf að nýta hvert tækifæri sem gefst til að kveikja áhuga þeirra og forvitni og gefa þeim næringarríkt hugarfóður – ekki í þeim tilgangi að upplýsa þau um eitthvað sem okkur finnst merkilegt – heldur svo það megi verða þeim hvatning til að spyrja sig sjálf og hefja leitina að svörum á sínum eigin forsendum. Að þekkja sjálfan sig er ævilangt verkefni, einsog forngrísku heimspekingarnir voru meðvitaðir um, en til þeirrar menntunar eru söfnin okkar, í öllum sínum fjölbreytileika, lífsnauðsynleg námsgögn sem við skulum öll hlúa að og njóta sem oftast. Að svo mæltu segi ég safnahelgi á Suðurlandi 2013 formlega opna, og óska okkur öllum til hamingju með daginn.